



## YFIRLÝSING FORSETA ÍSLANDS

Nú eru liðnar tæpar fjórar vikur síðan gengið var til alþingiskosninga. Tveir flokksleiðtogar hafa fengið umboð til stjórnarmyndunar, fyrst Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, svo Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Bæði þreifufðu fyrir sér um ýmsa kosti, bæði boðuðu til formlegra viðræðna um myndun nýrrar ríkisstjórnar sem nyti meirihluta á þingi.

Í fyrradag tilkynnti Katrín mér að bundinn hefði verið endi á viðræður fulltrúa fimm flokka um stjórnarsamstarf. Í framhaldi af því bað ég hana að kanna hvort grundvöllur væri fyrir frekari stjórnarmyndunarviðræðum undir hennar stjórn. Í gærkvöldi tjáði hún mér að svo væri ekki, eins og sakir stæðu að minnsta kosti. Fyrr í morgun kallaði ég hana því á minn fund hér á Bessastöðum þar sem við ræddum stöðu mála áfram og hún skilaði umboði mínu til stjórnarmyndunar.

Í beinu framhaldi af þeim fundi ræddi ég í síma við formenn eða fulltrúa allra flokka sem eiga sæti á Alþingi um þá stöðu sem upp er komin. Um leið og ég aflaði upplýsinga um afstöðu þeirra til stjórnarmyndunar minnti ég á þá miklu ábyrgð, sem hvílir á þinginu, að sjá til þess að ný ríkisstjórn verði mynduð þegar fyrri stjórn hefur misst þingmeirihluta og beðist lausnar.

Í ljósi þess hvernig viðræður um stjórnarmyndun hafa þróast frá kosningum og þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í samtölum mínum við forvígismenn flokkanna hef ég ákveðið að veita ekki einum tilteknum formanni eða fulltrúa flokks umboð til stjórnarmyndunar að sinni. Fyrir slíku skrefi eru bæði hefð og gildar ástæður eins og málum er komið. Skynsamlegast er að forystufólk flokkanna á þingi kanni óformlega næstu daga hvers konar samstarf sé mögulegt enda eru slíkar viðræður þegar hafnar. Í því sambandi áréttá ég mikilvægi þess að stjórnámálamennirnir rísi undir þeirri ábyrgð sem þeim er lögð á herðar, að sjá til þess að í landinu sé ríkisstjórn sem meirihluti á Alþingi geti sætt sig við. Ég nefni jafnframt þá brýnu nauðsyn að kalla þing senn saman. Vitaskuld væri æskilegast að samkomulag um nýja ríkisstjórn lægi fyrir við þingsetningu.

Ég vænti þess að um helgina eða í byrjun næstu viku í síðasta lagi hafi línur skýrst og unnt verði að ákveða næstu skref í þessum stjórnarmyndunarviðræðum.

25. nóvember 2016